

## REGLUGERÐ

### um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2005 frá 26. janúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar okratoxín A. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97 frá 8. júlí 2005 og var birt í EES-viðbæti nr. 60 frá 24. nóvember 2005.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 78/2005 frá 19. janúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar þungmálma. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97 frá 8. júlí 2005 og var birt í EES-viðbæti nr. 60 frá 24. nóvember 2005.

#### 2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl I og II við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

#### 4. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. júní 2008.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal I.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 123/2005**

frá 26. janúar 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar okratoxín A

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 <sup>(2)</sup> eru sett ákvæði um hámarksgildi tiltekinnna aðskotaefna [3. mengunarefna] í matvælum.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 466/2001 skal framkvæmdastjórnin endurskoða ákvæðin að því er varðar okratoxín A í þurrkuðum vinberjum með það fyrir augum að taka upp hámarksgildi fyrir okratoxín A í grænu og brenndu kaffi og kaffiafurðum, víni, bjór, þrúgusafa, kakói og kakóafurðum og kryddi, að teknu tilliti til rannsókna sem gerðar eru og forvarnarráðstafana sem gripið er til í því skyni að draga úr magni okratoxíns A í þessum afurðum.

3) Vísindanefndin um matvæli komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu um okratoxín A, sem gefið var 17. september 1998, að okratoxín A sé sveppaeitur með eiginleika sem valdi krabbameini, nýrnaeitrun, vansköpun, ónæmisseitrun og hugsanlega taugaeitrun. Nefndin gat þess einnig að frekari rannsóknir stæðu yfir til að varpa ljósi á það hvaða ferli tengjast krabbameinsvaldandi áhrifum okratoxíns A. Gert er ráð fyrir því að evrópska rannsóknarverkefnið um ferlin sem tengjast krabbameinsvaldandi áhrifum okratoxíns A verði lokið í árslok 2004. Þegar niðurstöður heildarrannsóknanna liggja fyrir mun framkvæmdastjórnin fara fram á það við Matvælaöryggisstofnun Evrópu að hún uppfæri vísindalegt álit vísindanefndar um matvæli í ljósi nýju rannsóknamiðurstöðanna.

4) Mat á innteknu magni okratoxíns A með fæðu hjá íbúum Bandalagsins hefur farið fram innan ramma tilskipunar ráðsins 1993/5/EBE frá 25. febrúar 1993 um aðstoð við framkvæmdastjórnina og samstarf af hálfu aðildar-

ríkjanna um vísindalegar athuganir á sviði matvæla <sup>(3)</sup> (SCOOP). Váhrif okratoxíns A má einkum rekja til korns og kornafurða. Í ljós kom að váhrif okratoxíns A á menn má að verulegu leyti rekja til vins, kaffis og bjórs. Váhrif okratoxíns A má að verulegu leyti rekja til þurrkaðra vinberja og þrúgusafa hvað snertir sérhópa viðkvæmra neytendahópa, s.s. börn.

5) Hámarksgildi okratoxíns A hefur verið ákvarðað fyrir korn og kornafurðir og þurrkuð vinber með reglugerð (EB) 466/2001. Gildi okratoxíns A í bjór er stjórnað óbeint þar sem okratoxín A í bjór kemur úr okratoxíni A í malti, en þar hefur hámarksgildi verið ákvarðað. Ákvörðun hámarksgildis okratoxíns A í bjór er því ekki bráðnauðsynleg til að vernda lýðheilsu en hana ætti að hafa í huga í tengslum við fyrirhugaða endurskoðun.

6) Í ljósi þess að váhrif okratoxíns A á menn má að verulegu leyti rekja til vins og brennds kaffis og uppleysanlegs kaffis og að váhrif okratoxíns A á börn má að verulegu leyti rekja til þrúgusafa er viðeigandi að ákvarða strax á þessu stigi hámarksgildi fyrir þessi matvæli til að vernda lýðheilsu með því að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem eru svo menguð að óviðunandi telst.

7) Okratoxín A hefur einnig fundist í þurrkuðum aldinum öðrum en þurrkuðum vinberjum, kakói og kakóafurðum, kryddi og lakkris. Þegar mat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu á niðurstöðum rannsókna á eiturefnafræði okratoxíns A liggur fyrir verður tekin afstaða til þess hvort ákvarða skuli hámarksgildi fyrir okratoxín A í þessum matvælum, þ.m.t. grænt kaffi, og hvort gildandi hámarksgildi verði endurskoðuð.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) 684/2004 (Stjtið. ESB L 106, 15.4.2004, bls. 6).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 52, 4.3.1993, bls. 18. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. í b-lið 2. mgr. 4. gr. komi „2.2.2, 2.2.3, 2.2.4 og 2.2.5“ í stað „og 2.2.2“;
2. í stað liðar 2a. í 5. gr. komi eftirfarandi:

2a. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða, eigi síðar en 30. júní 2006, ákvæði liðar 2.2 í 2. þætti í I. viðauka á grundvelli uppfærðs áhættumats á okratoxíni A sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu annast og með tilliti til forvarnaráðstafana sem gerðar eru til að draga úr magni okratoxíns A. Þessi endurskoðun mun einkum varða hámarksgildi okratoxíns A í þurrkuðum vínberjum og þrúgusafa og fjalla um það hvort ákvarða skuli hámarksgildi okratoxíns A í grænu kaffi, þurrkuðum ávöxtum, öðrum en þurrkuðum vínberjum, bjór, kakói og kakóafurðum, vínlikjörum, kjöti og kjötafurðum, kryddi og lakkris.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin og hagsmunaaðilar tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um niðurstöður rannsókna sem gerðar eru og um framvindu í kjölfar þess að gerðar hafa verið forvarnaráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun af völdum okratoxíns A. Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjunum aðgang að þessum niðurstöðum.

3. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. apríl 2005.

Reglugerð þessi gildir ekki um vörur sem voru settar á markað fyrir 1. apríl 2005 í samræmi við gildandi ákvæði. Sönnunarbyrðin varðandi það hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á rekstraraðila matvælafyrirtækisins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Í stað liðar 2.2 okratoxín A í 2. þætti Sveppaeitur (mýkotoxín) í I. viðauka komi eftirfarandi:

Afurðir	Okratoxín A: Hámarksgildi (µg/kg eða ppb)	Sýnatökuaðferð	Tilvisunargreiningaraðferð
„2.2. OKRATOXÍN A			
2.2.1. Korn (þ.m.t. hrisgrjón og bókhveiti) og afurðir fengnar úr korni			
2.2.1.1. Óunnið korn (þ.m.t. óunnin hrisgrjón og bókhveiti)	5,0	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/26/EB (*)	Tilskipun 2002/26/EB
2.2.1.2. Allar afurðir fengnar úr korni (þ.m.t. unnar kornafurðir og klíðislaust korn sem er ætlað beint til manndis)	3,0	Tilskipun 2002/26/EB Tilskipun 2002/26/EB	
2.2.2. Þurrkuð vínber (kúrennur, rúsinur og súltónur)	10,0	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
2.2.3. — Brenndar kaffibaunir og brennt malað kaffi að undanskildu uppleysanlegu kaffi	5,0	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
— Uppleysanlegt kaffi (skyndikaffi)	10,0		
2.2.4. — Rauðvín, hvítvín og rósavín (**) og önnur vín og/eða drykkir með þrúgumust sem uppistöðu (***)	2,0 (****)	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
2.2.5. — Þrúgasafi, innihaldsefni þrúgasafa í öðrum drykkjum, þ.m.t. þrúgunektar og þrúgasafþykki eftir blöndun með vatni (*****)	2,0 (****)	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
— Þrúgumust og þrúgumustþykki eftir blöndun með vatni, ætlað beint til manndis (*****)	2,0 (****)	Tilskipun 2002/26/EB Tilskipun 2002/26/EB	
2.2.6. Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn (*****)	0,50	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
2.2.7. Sérfaða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (*****), ætluð sérstaklega fyrir ungbörn	0,50	Tilskipun 2002/26/EB	Tilskipun 2002/26/EB
2.2.8. Grænt kaffi, þurrkaðir ávextir aðrir en þurrkuð vínber, bjór, kakó og kakóafurðir, vinlíkjörar, kjötafurðir, krydd og lakkrís.	—		
(*) Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 38. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/43/EB (Stjtið. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 14).			
(**) Vín, þ.m.t. freyðvín, en að undanskildum vinlíkjörum og vínunum með a.m.k. 15% alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 (Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1), ásamt ávaxtavínunum.			
(***) Kryddvín, drykkir með kryddvín sem uppistöðu og hanastél blönduð með kryddvíninu eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjtið L 149, 14.6.1991, bls. 1).			
(****) Hámarksgildi okratoxíns A sem á við um þessa drykki er háð hlutfalli vins og/eða þrúgumusts sem finnst í fullunninni afurð.			
(*****) Hámarksgildi eiga við um afurðir framleiddar úr uppskeru frá og með árinu 2005			
(*****) Ávaxtasafar, þ.m.t. ávaxtasafar úr þykki, ávaxtaþykki og ávaxtanektar samkvæmt skilgreiningum í I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tilteknar álíka afurðir til manndis (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58) sem unnin eru úr þrúgum.			
(*****) Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn, eins og þau eru skilgreind í I. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EB (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33).			
(*****) Hámarksgildið fyrir barnamat og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn á við um þurrefnið. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/26/EB.			
(*****) Sérfaða sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfaði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).			
Hámarksgildið fyrir sérfaðu, sem er notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og ætluð sérstaklega fyrir ungbörn, á við um			
— að því er varðar mjólk og mjólkurvörur: framleiðsluvörur sem eru tilbúnar til notkunar (og eru markaðssettar sem slíkar eða blandaðar með vatni samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans),			
— að því er varðar aðrar vörur en mjólk og mjólkurvörur, þurrefni. Þurrefnið er ákvarðað í samræmi við ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/26/EB.“			

**Fylgiskjal II.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 78/2005**

frá 19. janúar 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar þungmálma

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna aðskotaefna [☉: mengunarefna] í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli og Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 <sup>(2)</sup> eru sett ákvæði um hámarksgildi tiltekinna aðskotaefna í matvælum. Þessar ráðstafanir, eins og þeim var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 221/2002 <sup>(3)</sup>, fela í sér hámarksgildi fyrir þungmálmana blý, kadmíum og kvikasilfur.
- 2) Mikilvægt er, til að vernda lýðheilsu, að aðskotaefnum sé haldið við gildi sem ekki stofna heilsu manna í hættu. Hámarksgildi fyrir blý, kadmíum og kvikasilfur verður

að vera öruggt, eins lágt og mögulegt er og byggt á grundvelli góðra starfsvenja við framleiðslu og í landbúnaði eða fiskveiðum. Á grundvelli nýrra upplýsinga um það hvort unnt sé að halda aðskotaefnum innan hámarksgilda í tilteknum lagartegundum er nauðsynlegt að endurskoða viðeigandi ákvæði I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar þessi aðskotaefni í tilteknum matvælum. Endurskoðuðu ákvæðin fela í sér viðtæka vernd fyrir heilsu neytenda.

- 3) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjótið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 684/2004 (Stjótið. ESB L 106, 15.4.2004, bls. 6).

<sup>(3)</sup> Stjótið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 4.

## VIÐAUKI

Ákvæðum 3. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt sem hér segir:

1. Að því er varðar blý (Pb) komi eftirfarandi liðir í stað liða 3.1.4, 3.1.4.1 og 3.1.5:

Afúð	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
„3.1.4. Fiskhold <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> , að undanskildum tegundum sem skráðar eru í 3.1.4.1.	0,20	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.4.1. Fiskhold af eftirtöldum tegundum <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> : tvirandaflekk ( <i>Diplodus vulgaris</i> ) áli ( <i>Anguilla anguilla</i> ) gráröndungi ( <i>Mugil labrosus labrosus</i> ) fleckjarytara ( <i>Pomadasys benneti</i> ) hrossamakríl eða brynstirtlu ( <i>Trachurus</i> spp.) sardínu ( <i>Sardina pilchardus</i> ) suður-afrikusardinellu ( <i>Sardinops</i> spp.) dílabarra ( <i>Dicentrarchus punctatus</i> ) senegalsólfúru ( <i>Dicologlossa cuneata</i> )	0,40	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.1.5. Krabbadýr, að undanskildu brúnu krabba-kjöti og kjöti af haus og bol humars og annarra stórra krabbadýra ( <i>Nephropidae</i> og <i>Palinuridae</i> )	0,50	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

<sup>(1)</sup> Þegar fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksgildið við um allan fiskinn.

<sup>(2)</sup> Fiskur eins og hann er skilgreindur í flokki a í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22).“

2. Að því er varðar kadmíum (Cd) komi eftirfarandi í stað liða 3.2.5 og 3.2.5.1 og nýr liður 3.2.5.2 bætist við:

Afúð	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
„3.2.5. Fiskhold <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> , að undanskildum tegundum sem skráðar eru í 3.2.5.1 og 3.2.5.2.	0,05	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.5.1. Fiskhold af eftirtöldum tegundum <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> : ansjósu ( <i>Engraulis</i> spp.) rákungu ( <i>Sarda sarda</i> ) tvirandaflekk ( <i>Diplodus vulgaris</i> ) áli ( <i>Anguilla anguilla</i> ) gráröndungi ( <i>Mugil labrosus labrosus</i> ) hrossamakríl eða brynstirtlu ( <i>Trachurus</i> spp.) þverhaus ( <i>Luvarus imperialis</i> ) sardínu ( <i>Sardina pilchardus</i> ) suður-afrikusardinellu ( <i>Sardinops</i> spp.) túnfiski ( <i>Thunnus</i> spp., <i>Euthynnus</i> spp., <i>Katsuwonus pelamis</i> ) senegalsólfúru ( <i>Dicologlossa cuneata</i> )	0,10	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.2.5.2. Fiskhold af sverðfiski ( <i>Xiphias gladius</i> )	0,30	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

<sup>(1)</sup> Þegar fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksgildið við um allan fiskinn.

<sup>(2)</sup> Fiskur eins og hann er skilgreindur í flokki a í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22).“

3. Að því er varðar kvikasilfur (Hg) komi eftirfarandi liðir í stað liða 3.3.1 og 3.3.1.1:

Afurð	Hámarksgildi (mg/kg blautvigt)	Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku	Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir
„3.3.1. Lagarafurðir og fiskhold <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> , að undanskildum tegundum sem skráðar eru í 3.3.1.1.	0,50	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB
3.3.1.1. Fiskhold af eftirtöldum tegundum <sup>(1)</sup> <sup>(2)</sup> : skötusel ( <i>Lophius</i> spp.) steinbit ( <i>Anarchichas lupus</i> ) rákungi ( <i>Sarda sarda</i> ) áli ( <i>Anguilla anguilla</i> ) búrfiski, búrfiskbröður ( <i>Hoplostethus</i> spp.)  slétthala ( <i>Coryphaenoides rupestris</i> ) lúðu ( <i>Hippoglossus hippoglossus</i> ) oddefi ( <i>Makaira</i> spp.) stórkjöftu ( <i>Lepidorhombus</i> spp.) röndunga ( <i>Mullus</i> spp.) geddu ( <i>Esox lucius</i> ) rákleysingja ( <i>Orcynopsis unicolor</i> ) dvergþorski ( <i>Tricopterus minutus</i> ) gljáháfi ( <i>Centroscymnus coelolepis</i> ) skötum ( <i>Raja</i> spp.) gullkarfa, djúpkarfa, litlakarfa ( <i>Sebastes marinus</i> , <i>S. mentella</i> , <i>S. viviparus</i> ) seglfiski ( <i>Istiophorus platypterus</i> ) marbendli ( <i>Lepidopus caudatus</i> - <i>Aphanopus carbo</i> ) flekkgategundum ( <i>Pagellus</i> spp.) hákarli (öllum tegundum) slöngumakril ( <i>Lepidocybium flavobrunneum</i> , <i>Ruvettus pretiosus</i> , <i>Gempylus serpens</i> ) styrju ( <i>Acipenser</i> spp.) sverðfiski ( <i>Xiphias gladius</i> ) túnfiski ( <i>Thunnus</i> spp., <i>Euthynnus</i> spp., <i>Katsuwonus pelamis</i> )	1,0	Tilskipun 2001/22/EB	Tilskipun 2001/22/EB

<sup>(1)</sup> Þegar fiskurinn er ætlaður til neyslu í heilu lagi á hámarksgildið við um allan fiskinn.

<sup>(2)</sup> Fiskur eins og hann er skilgreindur í flokki a í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22).

<sup>(3)</sup> Fiskur og lagarafurðir eins og hvort tveggja er skilgreint í flokkum a, c og f í skránni í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. EB L 17, 21.1.2000, bls. 22).“